

**Ed. 116. Frumvarp til laga [109. mál]**

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson.

**1. gr.**

Á eftir síðustu málsgr. 7. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:  
Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og utandyra skulu bannaðar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í s. l. mánuði var birt skýrsla í Bretlandi, sem gerð var að frumkvæði brezku ríkisstjórnarinnar, um skaðsemi reykinga og áhrif reykinga á myndun lungnakrabba. Þar kemur fram, að um 100 þúsund manns deyja árlega þar í landi vegna vindlingareykinga. Skýrslan er kennd við Sir George Gober, og segir þar, að vindlingareykingar hafi aukizt stórlega á undanförunum árum og dauðsföllum af völdum lungnakrabba, bronkítis og hjartasjúkdóma fjölgað iskyggilega.

Í erindi, sem flutt var í ríkisútvarpinu 9. nóv. 1970 af Bjarna Bjarnasyni lækni, kom hið sama fram, að aðalskaðvaldur lungnakrabba væri vindlingareykingar. Læknirinn benti á, hve árangursríkt væri, að komið væri í veg fyrir reykingar, og hversu lungu manna væru hæf til þess að vinna á til hins betra aftur, er menn hættu reykingum. Þetta er geysipýðingarmikið atriði.

Margir hafa veitt því athygli, að umboðsmenn vindlinganna hafa hafið herferð til aukningar á notkun þeirra, og mun þá skammt í hörmulegar afleiðingar af auknum reykingum. Við svo búið má ekki standa. Eðlilegt er, að komið sé í veg fyrir svona auglýsingar, sem valda mönnum fjörtjóni og þjóðfélaginu miklum vanda. Á næst síðasta þingi var samþykkt að setja á hvern vindlingapakka svo hljóðandi aðvörun, og var það vel:

**VIÐVÖRUN  
VINDLINGAREYKINGAR  
GETA VALDIÐ KRABBAMEINI  
Í LUNGUM OG HJARTASJÚKDÓMUM**

Þrátt fyrir þetta er nauðsynlegt að hamla á móti áróðri um ágæti vissra vindlingategunda, sem stuðlað getur að auknum reykingum ungmenna. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.